

ÁRSSKÝRSLA 2010



Verkefnisstjóri

Helena Óladóttir er verkefnisstjóri Náttúruskóla Reykjavíkur. Hún hefur leitt starfsemi skólans frá upphafi hans, eða frá hausti 2005. Helena er menntaður kennari og lauk meistaraþrófi í Umhverfisfræðum frá Háskóla Íslands haustið 2005. Hún hefur setið í nefndum á vegum Umhverfis- og samgöngusviðs Reykjavíkur, Menntasviðs Reykjavíkur, umhverfisráðuneytisins og menntamálaráðuneytisins og unnið að umhverfis- og fræðslumálum fyrir Orkuveitu Reykjavíkur. Einnig kenndi Helena á grunnskólastigi í allmörg ár.



Verkefnisstjórn 2010

- Guðrún Edda Bentsdóttir, verkefnastjóri á grunnskólaskrifstofu, Menntasvið Reykjavíkur
- Helgi Gíslason, framkvæmdastjóri, Skógræktarfélag Reykjavíkur
- Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir, leikskólaráðgjafi - verkefnisstjóri Lýðheilsu, Leikskólasvið Reykjavíkur
- Magnús Arnar Sveinbjörnsson, skólastjóri Vinnuskóla Reykjavíkur, Umhverfis- og samgöngusvið Reykjavíkur
- Orri Páll Jóhannsson, verkefnisstjóri *Skóla á grænni grein*, Landvernd
- Þórólfur Jónsson, skrifstofustjóri Náttúru og útivistar, Umhverfis- og samgöngusvið Reykjavíkur

Ársskýrsla 2010

Skýrsluhöfundur: Helena Óladóttir
Forsíðumynd: Helena Óladóttir
Ljósmyndir bls. 8, 10, 13, 14, 16 og 18 Helena Óladóttir
Ljósmynd bls. 5 Þorbjörg Anna Gísladóttir
Umbrot: Helena Óladóttir

Skýrslan er aðgengileg á pdf-formi á vefsíðu Náttúruskóla Reykjavíkur www.natturuskoli.is

Efnisyfirlit

Inngangur	5
Kennaranámskeið	6
Umhverfimennt	
Útikennsla	
Svona gerum við	
Tölulegar niðurstöður	
Innleiðing útináms í skólum	11
Sjálfbærnivísar Náttúruskólans	12
Náttúruskólinn á grænni grein	14
Netverk - Önnur verkefni	15
Grenndarsvæði skóla	
Útidagar með leikskólum	
Aðventuglóð Aspar og Blásalir í Heiðmörk	
Heimilisfræði í Ísaksskóla	
Samstarf við <i>Skóla á grænni grein</i>	
Samstarf við <i>Lesið í skógin</i>	
Samstarf við Vinnuskóla Reykjavíkur	
Samstarf við Skógræktarfélag Reykjavíkur - 60 ára afmæli Heiðmerkur	
Fundur Menntaráðs Reykjavíkur í Náttúruskólanum	
Samstarf og samræða allra skólastiga á Akureyri	
Norræni loftslagsdagurinn	
Varðliðar umhverfisins	
Fyrirlestrar og kynningar	
Lokaorð	19

Inngangur

Á fimm ára starfstíma hefur starfsemi Náttúruskóla Reykjavíkur tekið á sig mynd. Hún byggist á námskeiðum og fræðslu til starfsfólks leik- og grunnskóla, ráðgjöf og stuðningi við ýmis konar verkefni, hvatningu og kynningu á umhverfismálum og útikennslu.

Á árinu var enn aukið við námskeið í boði og fleiri skólar óskuðu eftir fræðslu Náttúruskólans á starfsdögum en nokkru sinni fyrr. Menntun til sjálfbærni skipaði stærri sess í starfsemi Náttúruskólans, bæði í umræðu, umfjöllun, fræðslu og kynningum.

Náttúruskólinn kom víða við á árinu og fleiri leituðu eftir liðsinni hans en áður, bæði skólar, stofnanir og félagasamtök.

Þegar horft er til baka leitar þó einkum á hugann ótímabært fráfall Guðrúnar Þórsdóttur, eldhuga í mennta- og fræðslumálum og kyndilbera Náttúruskólans um árabil. Að þessu tilefni vill Náttúruskólinn minnast Guðrúnar og hennar óeigingjarna starfs í hans þágu og það er með söknuði sem verkefnisstjóri sér á eftir sínum helsta bakhjarli. Þetta ársskýrslukorn Náttúruskóla Reykjavíkur er tileinkað minningu Guðrúnar.



Kennaranámskeið

Framboð námskeiða á vegum Náttúruskóla Reykjavíkur var meira árið 2010 en áður. Í samræmi við mikla aukningu þátttakenda á námskeiðum árið á undan var ákveðið að fjölga námskeiðum, gefa meiri kost á endurtekningu vinsælustu námskeiðanna og ennfremur að auka fjölbreytni í námskeiðum sem höfðu til leikskólakennara sérstaklega. Alls voru auglýst 31 námskeið árið 2010. 14 námskeið voru ný af nálinni en 17 námskeið endurtekin vegna mikillar aðsóknar og góðrar reynslu.

Umhverfismennt

Sjö umhverfismenntanámskeið voru skipulögð árið 2010. Flest námskeiðanna voru samstarfsverkefni ýmissa stofnana og hafði

Náttúruskólinn frumkvæði að samstarfinu. Umhverfismenntanámskeið voru haldin í samstarfi við Grasagarð Reykjavíkur, Fjölskyldu- og húsdýragarðinn, *Lesið í skóginn*, Skóla á grænni grein, Náttúrufræðistofnun, Veðurstofu Íslands, Námsgagnastofnun, Háskóla Íslands og Menntamálaráðuneytið, sjá töflu 1. Óhætt er að segja að breidd fræðslunnar hafi verið mikil og samstarfið verið styrkur fyrir Náttúruskóla Reykjavíkur.

Lögð var sérstök áhersla á að undirbúa innleiðingu nýrrar menntastefnu með því að bjóða upp á námskeið sem fjalla um menntun til sjálfbærni. Einnig var haldið námskeið um hvernig útikennsla kemur til móts við markmið menntunar til sjálfbærni og byggði námskeiðið á grein sem verkefnisstjóri Náttúruskólans birti í *Skólavörðunni* í haust.

Tafla 1 Námskeið í umhverfismennt árið 2010

Dags.	Námskeið	Staður	Leiðbeinendur	Fjöldi þátttakenda
08.04.	Menntun til sjálfbærni	Grasagarður Reykjavíkur	Helena Óladóttir og Orri Páll Jóhannsson (Landvernd)	22
15.04.	Líffræðilegur fjölbreytileiki	Í Laugardal (bæði í Grasa- garði og í Húsdýragarði)	Helena Óladóttir, Hjörtur Þorbjörnsson (Grasagarður 13 Reykjavíkur), Orri Páll Jóhannsson (Landvernd) og Snorri Baldursson (Náttúrufræðistofnun Íslands)	
18.05.	Sjálfbær útikennslusvæði I	Björnslundur í Norðlingaholti	Helena Óladóttir, Orri Páll Jóhannsson (Landvernd) og Rannveig Ólafsdóttir (Háskóli Íslands)	26
16.09.	Sjálfbær útikennslusvæði I		Helena Óladóttir, Orri Páll Jóhannsson (Landvernd) og Rannveig Ólafsdóttir (Háskóli Íslands)	Fellt niður
29.09.	Norræni loftslagsdagurinn	Borgartún 12-14	Hafdis Finnbogadóttir (Námsgagnastofnun), Halldór Björnsson (Veðurstofa Íslands), Helena Óladóttir, Jóhanna María Eyjólfsdóttir (Menntamálaráðuneytið) og Orri Páll Jóhannsson (Landvernd)	17
05.10.	Menntun til sjálfbærni	Borgartún 12-14	Helena Óladóttir og Orri Páll Jóhannsson (Landvernd)	7
26.10.	Útikennsla - lykill að menntun til sjálfbærni	Grasagarður Reykjavíkur	Helena Óladóttir	19

Árið 2010 var alþjóðlegt *Ár líffræðilegs fjölbreytileika* og var að því tilefni haldið sérstakt námskeið. Einnig hafði Náttúruskólinn frumkvæði að námskeiði til að undirbúa kennara fyrir þátttöku í Norræna loftslagsdeginum 11. nóvember en dagurinn er á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar og hefur Menntamálaráðuneytið umsjón með framkvæmd hans hérlandis.

Útikennsla

Sem fyrr eru það námskeið um útikennslu sem eru fyrirferðamest í starfsemi Náttúruskólans. Á árinu voru 15 útikennslunámskeið skipulögð, sjá töflu 2.

Aðeins tvö voru ný af nálinni en 13 voru endurtekin frá fyrri starfsárum. Vert er að hafa í huga að það líður að því að Náttúruskólinn haldi ekki lengur í við þá sem leggja markvissa stund á útikennslu þar sem ekki hefur verið mögulegt fyrir verkefnisstjóra til að afla sér frekari menntunar eða sækja nýjar hugmyndir í útikennslu út fyrir landssteinana síðustu tvö ár. Nýju námskeiðin voru annars vegar námskeið um hjólaferni í samstarfi við Sesselju Traustadóttur og hins vegar leikjanámskeið í samstarfi við Óttarr Hrafnkelsson, ÍTR.

Fræðsla á útikennslunámskeiðunum var að mestu á hendi verkefnisstjóra. Á tveimur námskeiðum komu þó Auður Óskarsdóttir, Grasagarði Reykjavíkur, og Ólafur Oddsson,

Tafla 2 Námskeið í útikennslu árið 2010

Dags.	Námskeið	Staður	Leiðbeinendur	Fjöldi þátttakenda
07.04.	Stærðfræði og útikennsla	Grasagarður Reykjavíkur	Helena Óladóttir	23
14.04.	Útiöldun	Laugarnesskóli	Guðmundur Finnbogason og Helena Óladóttir	20
20.04.	Leikir og samvinnuþrautir	Síglunes í Nauthólsvík	Óttarr Hrafnkelsson (ÍTR)	18
26.04.	Hjólað út í vorið	Fossvogsskóli	Sesselja Traustadóttir (Hjólaferni)	5
20.05.	Náttúruleikir	Grasagarður Reykjavíkur	Hildur Arna Gunnarsdóttir	21
01.06.	Yngstu náttúrufræðingarnir	Grasagarður Reykjavíkur	Helena Óladóttir	21
25.08.	Náttúruleikir	Grasagarður Reykjavíkur	Helena Óladóttir	Fellt niður
31.08.	Yngstu náttúrufræðingarnir	Grasagarður Reykjavíkur	Helena Óladóttir	Fellt niður
07.09.	Stærðfræði og útikennsla	Grasagarður Reykjavíkur	Helena Óladóttir	18
22.09.	Náttúruleikir	Grasagarður Reykjavíkur	Helena Óladóttir	Fellt niður
23.09.	Yngstu náttúrufræðingarnir	Grasagarður Reykjavíkur	Helena Óladóttir	17
06.10.	Tungumál og útikennsla	Grasagarður Reykjavíkur	Helena Óladóttir	Fellt niður
13.10.	Útiöldun	Laugarnesskóli	Guðmundur Finnbogason og Helena Óladóttir	13
02.11.	Jól í útiskóla - Leikskólar	Rjóðrið í Heiðmörk	Auður Óskarsdóttir (Grasagarður Reykjavíkur), Helena Óladóttir og Ólafur Oddsson (Lesið í skógin)	17
10.11.	Jól í útiskóla - Grunnskólar	Rjóðrið í Heiðmörk	Auður Óskarsdóttir (Grasagarður Reykjavíkur), Helena Óladóttir og Ólafur Oddsson (Lesið í skógin)	19

Lesið í skóginn, að fræðslunni og tvö námskeið í útiildun voru haldin í samstarfi við Guðmund Finnbogason. Hildur Arna Gunnarsdóttir, fræðslustjóri Grasagarðs Reykjavíkur, leysti verkefnisstjóra Náttúruskóla Reykjavíkur af í veikindaleyfi í maí og sá um námskeiðið Náttúruleikir með miklum sóma.


Svona gerum við

Í samstarfi við Leikskólasvið var hleypt af stokkunum nýrri námskeiðaröð sem fékk heitið *Svona gerum við*. Markmið námskeiðanna var að gefa leikskólakennurum tækifæri til að sækja aðra leikskóla heim og fræðast á jafningjagrundvelli um hvernig aðrir vinna með útikennslu og umhverfismennt í hópi leikskólabarna. Fræðslan á námskeiðunum var þar með á höndum valinkunnra leikskólakennara sem hafa farið eigin leiðir í útikennslu og umhverfismennt með góðum árangri. Námskeiðin fóru fram á þeim svæðum sem leikskólakennararnir eru vanir að nota með börnunum. Á árinu 2010 voru skipulögð níu námskeið undir heitinu *Svona gerum við*, sjá töflu 3.




Tafla 3 Námskeiðin *Svona gerum við* 2010

Dags.	Námskeið	Staður	Leiðbeinendur	Fjöldi þátttakenda
28.04.	Útileikir og tilraunir	Steinahlíð	Steinunn Jónsdóttir	14
04.05.	Leikið og lært í Laugardal	Sunnuborg	Áslaug Pálsdóttir og Heiða Hrönn Sigfúsdóttir	Fellt niður
11.05.	Fjörur	Laugaborg	Bergþóra Vilhjálmsdóttir	Fellt niður
27.05.	Jóga og útileikir	Reynisholt	Aðalheiður Stefánsdóttir	14
09.06.	Vorævintýri	Laugaborg	Unnur Brynja Guðmundsdóttir	14
15.06.	Flakkarar á flakki	Hof	Særún Ármannsdóttir	14
02.09.	Í Leynilundi	Brekuborg	Elvira Víktorsdóttir og Jóhanna Kristjánsdóttir	Fellt niður
09.09.	Jóga og útileikir	Reynisholt	Aðalheiður Stefánsdóttir	Fellt niður
14.09.	Útileikir og tilraunir	Steinahlíð	Steinunn Jónsdóttir	Fellt niður




1. mynd. Lykiltala I sýnir fjölda þátttakenda sem sótt hafa námskeið á vegum Náttúruskóla Reykjavíkur á einu ári.

* Árið 2006 voru námskeið aðeins haldin á haustmisseri.



2. mynd. Fjöldi þátttakenda á námskeiðum eftir hverju misseri fyrir sig.



3. mynd. Fjöldi námskeiða sem skipulögð voru árið 2010 og fjöldi þeirra námskeiða sem voru haldin.

Tölulegar niðurstöður

Önnur tveggja lykiltalna fyrir starfsemi Náttúruskóla Reykjavíkur er fjöldi þátttakenda á námskeiðum á hans vegum. Síðastliðið ár voru þátttakendurnir 308 talsins og gerði áætlun fyrir árið 2010 ráð fyrir 300 þátttakendum. Niðurstöður ársins sýndu að þátttakendur á námskeiðum á árinu 2010 voru 352 (sjá 1. mynd).

Þrátt fyrir að markmiðum ársins hafi í meginatriðum verið náð og lykiltala I sýni jákvæða þróun í starfsemi Náttúruskólans voru blikir á lofti á haustmánuðum sem ollu verkefnisstjórn áhyggjum. Miðað við gríðarlega aukningu þátttakenda haustið 2009 og vorið 2010 var um að ræða verulegan samdrátt í þátttöku á námskeiðum haustmisserisins, (sjá 2. mynd).


Mörg námskeiða sem skipulögð voru á haustmisseri þurfti að fella niður - nokkuð sem hefur verið óþekkt í starfsemi Náttúruskólans - og jafnvel varð að fella niður námskeið sem hingað til hefur verið mest aðsókn á. Engar breytingar voru á t.d. tímasetningu námskeiðanna frá fyrra hausti og skipulag Náttúruskólans og haustmisserisins í heild í engu frábrugðið því sem vant er. Þar er því ekki að finna skýringar á þessari breyttu aðsókn (sjá 3. mynd).

Hlutfallslega voru fæst námskeið undir námskeiðaröðinni *Svona gerum við* haldin (fjögur af níu skipulögðum), fleiri á vormisseri en að hausti. Hér var um tilraunaverkefni að ræða og ekki víst að það hafi hentað leikskólakennurum að sækja sér fræðslu til Náttúruskólans með þessum hætti. Hlutfallslega voru flest umhverfismenntanámskeiðanna haldin (sex af sjö) sem styður þá trú verkefnisstjóra að vaxandi þörf sé á stuðningi og fræðslu um umhverfismál til grunn- og leikskóla og þá einkum hvað varðar menntun til sjálfbærni.

Fyrirhugað er að gera könnun meðal leik- og grunnskólakennara á fyrstu vikum nýs árs til að leita skýringa á þessari breytingu og reynt verður að koma á mótis við breyttar þarfir strax á vormisseri ef niðurstöður könnunarinnar gefa tilefni til þess. Í könnuninni verður einnig leitað svara við því hvort Náttúruskólinn sé að koma til mótis við bæði þá sem eru byrjendur í faginu og þá sem eru lengra komnir.

Þátttaka skóla utan Reykjavíkur hefur farið mjög vaxandi á námskeiðum Náttúruskólans. Eins og sést á 4. mynd eru þátttakendur á námskeiðum sem starfa við grunnskóla Reykjavíkur ívið færri en þátttakendur sem starfa við grunnskóla utan Reykjavíkur. Þessi breyting er áberandi fyrir árin 2009 og 2010 en árin þar á undan voru langflestir þátttakenda starfandi við grunnskóla Reykjavíkur. Frá ársbyrjun 2009 hafa námskeið Náttúruskólans verið auglýst í skólum nágrennabyggða og í raun er öllum heimilt að senda þátttakendur á námskeiðin. Kennarar í skólum Reykjavíkur njóta þó forgangs á námskeiðin, þar til viku fyrir námskeiðsdag, auk þess sem þátttökugjaldið er hærra fyrir þá sem starfa í skólum utan Reykjavíkur.

Hvort sem ofangreint er skýringin á þessari auknu ásókn kennara úr grunnskólum utan Reykjavíkur eða hvort um er að ræða vöntun á námskeiðum við hæfi, sbr. hér að framan (bls. 7) þá er umhugsunarvert að nær helmingur allra námskeiðsplássna í boði falli kennurum utan Reykjavíkur í skaut. Við þessu þarf að bregðast.




4. mynd. Fjöldi þátttakenda á námskeiðum Náttúruskólans eftir því hvort þeir starfa við leikskóla Reykjavíkur, grunnskóla Reykjavíkur, leikskóla utan Reykjavíkur, grunnskóla utan Reykjavíkur eða koma annars staðar frá.


* Árið 2006 voru námskeið aðeins haldin á haustmisseri.



Innleiðing útináms í skólum



5. mynd. Lykiltala 2 sýnir fjölda námskeiða sem haldin eru á starfsdögum skóla.



6. mynd. Fjöldi skóla sem fengið hafa fræðslu á starfsdegi, greint eftir því hvort um er að ræða fyrsta, annað eða þriðja námskeið, eða annars konar fræðslu.

Námskeið um útinám og umhverfismennt voru haldin á starfsdögum í alls 23 skólum á árinu. Um var að ræða 18 leikskóla (þar af tvo utan Reykjavíkur) og fimm grunnskóla (þar af einn utan Reykjavíkur).

Fjöldi námskeiða á starfsdögum skóla er hin lykiltala starfsemi Náttúruskólans. Áætlun ársins 2010 gerði ráð fyrir að námskeið væru haldin í 10 skólum (sjá 5. mynd).

Eftirspurn eftir fræðslu á starfsdegi hefur aukist síðustu misseri auk þess sem kröfur um fjölbreytni í fræðslunni eru stöðugt að aukast. Þannig eru skólar farnir að leita til Náttúruskólans eftir fræðslu á starfsdegi í annað og jafnvel þriðja skipti sem leiðir af sér að þörf fyrir sérhæfðari fræðslu og meiri dýpt eykst jafnt og þétt (sjá 6. mynd).

Langflestir sem óska eftir fræðslu á starfsdegi á vegum Náttúruskóla Reykjavíkur leita eftir leiðsögn og upplýsingum um aðferðafræði útináms, þ.e. hversvegna er æskilegt að nota útikennslu í starfi með börnum og hvernig er best að bera sig að. Allmargir sækjast þó eftir leiðbeiningum um innleiðingu menntunar til sjálfbærni sem einn af fimm grunnþáttum í nýrri menntastefnu þjóðarinnar. Skólar sækja sér fræðslu um útikennslu og umhverfismennt víðar en í Náttúruskólanum og gagnlegt gæti verið fyrir stefnumörkun Náttúruskólans að skoða hvar og hvaða fræðslu skólarnir sækja sér annað.

Sjálfbærnivísar Náttúruskólans

Í tengslum við vinnu Umhverfis- og samgöngusviðs að sjálfbærnivísam voru settir fram vísar sem varpa eiga ljósi á starf Náttúruskóla Reykjavíkur og hvernig hann styrkir sjálfbæra þróun í Reykjavíkurborg.


Einn þessara sjálfbærnivísa er fjöldi reykvískra skóla sem sent hafa þátttakendur á námskeið Náttúruskólans (sjá 7. mynd). Glöggst sést á myndinni hve leikskólar borgarinnar hafa verið að sækja á í þátttöku á námskeiðum. Það helst í hendur við aukið framboð námskeiða sem henta sérstaklega leikskólakennurum en þau voru ekki mörg á fyrstu starfsárum Náttúruskólans. Þennan árangur er einkum að þakka góðu samstarfi Leikskólasviðs og Náttúruskólans og þeim stuðningi sem sviðið hefur veitt Náttúruskólanum í að koma á móts við þarfir leikskólanna í þessu tilliti.

Á myndinni sést einnig að þátttakendur koma smám saman úr færri grunnskólum á hverju ári. E.t.v. er skýringanna að leita í því að þeir skólar sem á annað borð hafa sýnt útikennslu og umhverfismennt áhuga og voru fljótir að tileinka sér fræðin hafa þegar sótt sér þá fræðslu sem þeim stendur til boða í starfi Náttúruskólans og fá nú í dag ekki fræðslu við hæfi, sbr. takmörkun endurnýjunar námskeiðaframboðs vegna skorts á endurmenntun verkefnisstjóra (sjá hér að framan).

Sama er uppi á teningnum þegar skoðaður er annar sjálfbærnivísir, sá sem sýnir fjölda skóla sem hafa fengið fræðslu á vegum Náttúruskóla Reykjavíkur á starfsdegi (sjá 8. mynd).


Hér er fjöldi leikskólanna miklu meiri en grunnskólanna þó þeir síðarnefndu hafi sótt í sig veðrið 2010. Eins og hefur komið fram hér að framan eru sumir skólanna að sækja sér annað eða jafnvel þriðja námskeiðið og það að hluta til skýrir það að grunnskólunum fjölgar árið 2010 miðað við árin á undan.

Að þessu öllu sögðu er áhugavert að skoða þriðja sjálfbærnivísinn sem sýnir hlutfall




7. mynd. Fjöldi reykvískra leik- og grunnskóla sem sent hafa þátttakendur á námskeið á vegum Náttúruskóla Reykjavíkur á hverju ári fyrir sig.

* Árið 2006 voru námskeið aðeins haldin á haustmisseri.



8. mynd. Fjöldi reykvískra leik- og grunnskóla sem fengið hafa fræðslu á starfsdegi frá Náttúruskóla Reykjavíkur á hverju ári fyrir sig.



9. mynd. Uppsafnaður fjöldi reykviskra leik- og grunnskóla sem sótt hafa fræðslu til Náttúruskólans sýndur sem hlutfall af heildarfjölda grunn- og leikskóla Reykjavíkur.

þeirra skóla í borginni sem í starfsstið Náttúruskólans hafa sótt sér fræðslu til hans, annað hvort á námskeiði eða á starfsdegi (sjá 9. mynd).

Á þeirri mynd sést að árið 2010 hafði Náttúruskóli Reykjavíkur náð til 91% grunnskóla borgarinnar með einhverjum hætti. Það er því eðlilegt að nýliðun í þeirra hópi hafi dregist saman og fjöldi þeirra sem komi til Náttúruskólans sé ekki jafn vaxandi og áður.

Einnig sést að 60% leikskóla borgarinnar hafa með einhverju móti fengið fræðslu hjá Náttúruskóla Reykjavíkur. Í drögum að starfsáætlun Leikskólasviðs fyrir árið 2011 kemur fram að stefnt sé að því að 75% leikskóla Reykjavíkur hafi sótt sér fræðslu til Náttúruskólans. Þar er þetta hlutfall notað sem mælikvarði fyrir Skapandi og fjölbreytt leikskólastarf (velgengnisþáttur).



Náttúruskólinn á grænni grein

Náttúruskóli Reykjavíkur er skóli á grænni grein eftir að hafa formlega sótt um aðild að verkefninu í febrúar 2009. Lengi vel var óvissa hvort og þá með hvaða hætti Náttúruskólinn gæti fylgt skrefunum sjö sem grunn- og leikskólar stíga til að geta flaggað grænánanum sem viðurkenningu fyrir störf að umhverfismálum. Einkum var það umhverfisnefnd skólans sem vafðist fyrir verkefnisstjórn *Skóla á grænni grein*. Vorið 2009 fékk Náttúruskólinn jákvæðar undirtektir við skipan umhverfisnefndarinnar og leiðbeiningar þar um en það var ekki fyrr en vorið 2010 sem fyrsta umhverfisnefnd Náttúruskóla Reykjavíkur var skipuð. Það var verkefnisstjórn Náttúruskólans sem tók ákvörðun um hvernig nefndin skyldi skipuð, þ.e. í henni skyldu sitja fulltrúar nemenda Náttúruskólans (2 fulltrúar grunnskóla, 2 fulltrúar leikskóla og 1 fulltrúi annarra), fulltrúi verkefnisstjórnar Náttúruskólans ásamt verkefnisstjóra.

Í maí var auglýst eftir sjálfbóðaliðum í umhverfisnefndina og fengust jákvæð svör frá mörgum. Á fundi verkefnisstjórnar var farið yfir umsækjendur og ákveðið að bjóða fimm fulltrúum nemenda sæti í nefndinni sem þeir allir þáðu. Nefndinni er ætlað að sitja skólaárið 2010-2011 en það helst í hendur við þann tíma sem skólinn fær heimild til að flagga fánanum, þ.e. í eitt ár í senn.

Í fyrstu umhverfisnefnd Náttúruskóla Reykjavíkur sitja eftirtalin:

- Hafdís Ragnarsdóttir, grunnskólakennari í Foldaskóla
- Jóhanna Höskuldsdóttir, grunnskólakennari í Engjaskóla
- J. Aðalheiður Vilhjálmisdóttir, leikskólakennari í Garðaborg
- Jónína Guðný Bjarnadóttir, leikskólakennari í Hálsakoti
- Hildur Arna Gunnarsdóttir, fræðslustjóri Grasagarðs Reykjavíkur
- Þórólfur Jónsson, garðyrkjustjóri, Umhverfis- og samgöngusvið Reykjavíkur

- Helena Óladóttir, verkefnisstjóri Náttúruskóla Reykjavíkur

Umhverfisnefndin kom saman í júní 2010 en fyrsti formlegi fundur nefndarinnar var haldinn í ágúst 2010. Nefndin fundar að jafnaði einu sinni í mánuði. Á vef Náttúruskólans var búið til sérstakt svæði fyrir upplýsingar um grænánastarfið og þar er að finna allar samþykktar fundargerðir umhverfisnefndar.

Á haustmánuðum lagði nefndin áherslu á að meta stöðu umhverfismála í Náttúruskólanum svo hún gæti betur gert sér grein fyrir hvar helst væri þörf úrbóta. Mikil vinna fólst í að betrumbæta gátlista verkefnisins og laga hann að starfsemi Náttúruskólans. Að þeirri vinnu lokinni var rætt um markmið skólaársins og hvenær stefnt skuli að því að flagga grænánanum.



Netverk - önnur verkefni

Grenndarsvæði skóla

Náttúruskóli Reykjavíkur hefur umsjón með verkefninu Grenndarsvæði skóla. Það sækir fyrirmynd sína til grenndarskóga-samninga sem gerðir hafa verið milli Umhverfis- og samgöngusviðs Reykjavíkur, verkefnisins *Lesið í skógin* og einstakra grunnskóla borgarinnar. Vöntun hefur verið á viðlíka verkefni sniðið að þörfum leikskóla og sem hentar annars konar umhverfi en skógum.

Þegar um er að ræða samning um grenndarsvæði skóla er haldið námskeið um útikennslu og umhverfismennt í skólanum, tiltekið grenndarsvæði er skoðað m.t.t. eignarhalds og/eða kvaða, aðgengis, eiginleika og verndarsjónarmiða og að lokum er undirritað samkomulag milli skólans og Umhverfis- og samgöngusviðs um afnotarétt, umgengni og ábyrgð beggja aðila gagnvart svæðinu sem um ræðir.

Tveir samningar hafa þegar verið undirritaðir. Laufásborg reið á vaðið í fyrria og undirritaði samning um grenndarsvæði í Hljómskálagarðinum og Brekkuborg undirritaði í september 2010 samning um Leynilund, grenndarsvæði leikskólans neðan við Húsahverfi í Grafarvogi.

Í bígerð eru fleiri samningar en þrír leikskólar og einn grunnskóli hafa óskað eftir grenndarsvæði.

Útidagar með leikskólum

Í samstarfi við Leikskólasvið var lögð áhersla á að mæta þörfum leikskólanna enn betur hvað varðar útikennslu. Á Leikskólasviði var unnin könnun um þörf á stuðningi við leikskóla og sýndu niðurstöður hennar nokkurn mun á þátttöku leikskóla í útikennslu eftir hverfum borgarinnar. Nokkrir leikskólar töldu fræðslu um útikennslu og stuðning við að finna hentugt útikennslusvæði í nágrenni skólans vera lykilatriði til að þeir gætu sinnt útikennslu betur.

Á vordögum var því farið af stað með tilraunaverkefni til að vinna með leikskólakennurum og börnum í útikennslu, annars vegar í Grafarvogi og hins vegar við Ægissíðuna. Skipulagðir voru útidagar á hvoru svæði fyrir sig og þremur leikskólum í senn boðin þátttaka. Fundað var með þátttakendum á Leikskólasviði í undirbúningi útikennslunnar. Í samræmi við óskir þátttakenda var útidagurinn tvítekninn í Grafarvogi svo hægt væri að bjóða öllum börnum tiltekns árgangs í útikennslu. Á útidegi voru skipulagðar fjórar stöðvar með ólíkum útiverkefnum, s.s. hlaupaleik, gerð grashausa, náttúruleikjum og litaleik. Tveimur kennurum úr hverjum leikskóla var boðið að taka þátt í útideginum ásamt börnum. Á hvern útidag mættu fulltrúar þriggja leikskóla. Þegar upp var staðið höfðu 19 leikskólakennarar og á milli 70 og 80 börn mætt til leiks.

Ingibjörg Margrét Gunnlaugsdóttir skipulagði útidagana ásamt verkefnisstjóra Náttúruskólans og áfram er stefnt að ríkari stuðningi við leikskóla borgarinnar sem svöruðu könnun Leikskólasviðs því til að þeir kysu aukinn stuðning til að innleiða útikennslu.

Aðventuglóð Aspar og Blásalir í Heiðmörk

Á aðventunni eru leikskólar vanir að gera sér glaðan dag. Tveir leikskólar leituðu til Náttúruskólans í tilefni af aðventunni og báðir óskuðu eftir aðstoð við að halda aðventukaffi undir berum himni. Leikskólinn Ösp, bauð börnum og foreldrum að þiggja aðventukaffi við opinn eld á leikskólalóðinni en hinn, Blásalir, hélt aðventustund í Rjóðrinu í Heiðmörk. Hvorutveggja voru einstaklega ánægjulegar stundir og hátíðlegar. Það er ánægjulegt að verða vitni að því að augu kennara eru að opnast fyrir möguleikum útikennslu við þessi tækifæri.

Heimilisfræði Ísaksskóla

Áfram var stutt við heimilisfræðikennslu nemenda í Ísaksskóla en hún fer fram í Rjóðrinu í Heiðmörk í samstarfi við Skógræktarfélag Reykjavíkur. Skólaárið 2010-2011 er þriðja skólaárið sem heimilisfræðikennslan er með þessu sniði og óhætt er að segja að hún sé að festa sig í sessi í starfsemi skólans. Allmargir kennarar hafa tekið þátt í fræðslunni. Þeir hafa með þátttökunni ekki aðeins öðlast dýrmæta reynslu af útikennslu heldur einnig grunnþjálfun í meðförum elds og eldamennsku undir berum himni. Augu þeirra hafa einnig opnast fyrir mikilvægi þess að veita nemendum þetta tækifæri til útiveru.

Samstarf við Skóla á grænni grein

Samstarf Náttúruskólans við verkefnið *Skólar á grænni grein* var með besta móti á árinu. Reynslan sýnir að þeir skólar sem leita eftir fræðslu hjá Náttúruskólanum eru langflestir einnig á grænni grein og því er eðlilegt að verkefnin leiti sameiginlegra leiða til að koma

á móts við þarfir skólanna.

Náttúruskólinn tók þátt í fjórum fræðslufundum á vegum *Skóla á grænni grein* á haustdögum 2010; á Reyðarfirði, á Siglufirði, á Suðurlandi og á Vesturlandi. Verkefnin héldu sameiginlega námskeið í tveimur skólum á árinu auk þess sem þau höfðu samstarf um umhverfismenntanámskeið Náttúruskólans þegar það átti við (sjá hér að framan). Þegar um slíkt samstarf var um að ræða var gert samkomulag um aðgengi þátttakenda úr skólum sem eru á grænni grein. Gegn því að auglýsa námskeið Náttúruskólans á vettvangi *Skóla á grænni grein* nutu þátttakendur úr þeim skólum sama forgangs á umhverfismenntanámskeið Náttúruskólans og þátttakendur sem komu úr skólum borgarinnar.

Samstarf við Lesið í skóginn

Samstarf Náttúruskólans og verkefnisins *Lesið í skóginn* var einnig með ágætum árið 2010. Samstarf var um námskeið á vettvangi beggja og stefnt er að áframhaldandi samstarfi á næsta ári. T.d. efndi *Lesið í skóginn* til



skógarfræðslu fyrir nemendur Tjarnarskóla í tilefni af Barnamenningarhátíð og kom Náttúruskólinn m.a. að framkvæmd hennar.

Afar mikilvægt er fyrir einyrkja, líkt og verkefnisstjóra *Lesið í skógin* og verkefnisstjóra Náttúruskólans, að hafa vettvang til samræðna og samráðs á jafningjagrunnvelli því fáir starfa á vettvangi útikennslu og eru leiðandi í umræðu um fagið.

Samstarf við Vinnuskóla Reykjavíkur

Grænir fræðsluleiðbeinendur í Vinnuskóla Reykjavíkur nutu fræðslu Náttúruskólans einn veðurbliðan dag í Elliðaárdalnum. Þeir tóku þátt í einföldum náttúruleikjum, rætt var um umhverfisvitund og umhverfisfræðslu og elduð var grænmetisúpa yfir opnum eldi í skóginum. Námskeiðsdagurinn í Elliðaárdal var samstarfsverkefni Náttúruskólans og *Lesið í skógin* sem líkt og fyrri ár stóðu saman að fræðslu leiðbeinendanna.

Samstarf við Skógræktarfélag Reykjavíkur - 60 ára afmæli Heiðmerkur

Náttúruskóli Reykjavíkur tók þátt í undirbúningi 60 ára afmælis Heiðmerkur sem fagnað var í júní. Verkefni Náttúruskólans fólst í að hafa umsjón með skipulagingu og byggingu lengstu þrautabrautar sem sett hefur verið upp í skógi á Íslandi. Nemendur Vinnuskólans sáu um uppsetningu þrautabrautarinnar, hnýttu hnúta og sveifluðu sér í köðlum. Einnig voru skipulögð ýmis konar náttúruverkefni í skóginum sem afmælisgestum stóð til boða að taka þátt í á afmælisdaginn.

Á hverju ári styður Skógræktarfélag Reykjavíkur tryggilega við bak Náttúruskólans. M.a. útvegar félagið allan þann eldivið sem er notaður í skólastarfinu. Einnig hefur Náttúruskólinn aðgang að Rjóðrinu við Elliðavatnsbæinn þar sem fjölmörg námskeið fara fram á hverju ári auk þess sem Skógræktarfélagið hefur verið Náttúruskólanum innan handar með annars konar húsnæði til funda- og námskeiðahalds.

Fundur Menntaráðs Reykjavíkur í Náttúruskólanum

Náttúruskóli Reykjavíkur bauð nýskipuðu Menntaráði að halda fund í skólanum á haustdögum. Ráðið þekktist boðið og var fundurinn haldinn, í boði Náttúruskólans og Skógræktarfélags Reykjavíkur, í Heiðmörk þann 15. september sl. Fundurinn hófst á sameiginlegri útiveru og náttúruleikjum í Náttúruskólanum, því næst var setið við eldinn í Rjóðrinu og rætt vítt og breitt um útikennslu, umhverfismennt, sjálfbærni og skólamál. Fundinum lauk svo í Hlöðunni í Elliðavatnsbænum.

Í Heiðmörk skapaðist einstök stemmning og það er von verkefnisstjóra að með þessu hafi myndast skilningur á möguleikum útikennslu hjá breiðum hópi fólks sem ber ábyrgð á ákvarðanatöku í skólamálum borgarinnar.

Samstarf og samræða allra skólastiga á Akureyri

Í framhaldi af aðkomu verkefnisstjóra Náttúruskóla Reykjavíkur að gerð nýrrar aðalnámskrár tók Helena þátt í ráðstefnunni Samstarf og samræða allra skólastiga. Að beiðni Menntamálaráðuneytisins fjallaði Helena um menntun til sjálfbærni ásamt Orra Páli Jóhannssyni, verkefnisstjóra *Skóla á grænni grein*. Þátttaka var mjög góð og hlýddu um 150 manns á erindið.

Norræni loftslagsdagurinn

Eins og áður hefur komið fram hafði Náttúruskóli Reykjavíkur frumkvæði að því að halda námskeið fyrir kennara í tengslum við Norræna loftslagsdaginn 11. nóvember. Undirbúningur dagsins var þó á höndum Menntamálaráðuneytisins sem leitaði m.a. eftir samstarfi við Náttúruskólann í skipulagningu og framkvæmd hans. Breiður hópur sérfræðinga kom að undirbúningi dagsins. Norræn samkeppni um umhverfismál er meginviðfangsefni Norræna loftslagsdagsins og var áður nefnt námskeið Náttúruskólans hugsað sem liður í undirbúningi kennara fyrir þátttöku í samkeppninni. Íslenskir skólar sem tóku þátt í ár voru 21 talsins.

Varðliðar umhverfisins

Líkt og fyrri ár stóð Náttúruskóli Reykjavíkur ásamt Umhverfisráðuneyti og Skólum á grænni grein að verkefnasamkeppninni Varðliðar umhverfisins. Hefð er fyrir því að umhverfisráðherra veiti tilnefninguna *Varðliðar umhverfisins* á degi umhverfisins 25. apríl ár hvert.

Í ár voru það nemendur í 10. bekk Hvolsskóla sem voru tilnefndir *Varðliðar umhverfisins* fyrir faglega skýrslu um umhverfisáhrif vegna framkvæmda við Landeyjahöfn. Í skýrslunni leituðust nemendur við að varpa ljósi á umfang framkvæmdanna og áhrif þeirra á umhverfið með því að flétta viðfangsefnið inn í stærðfræði, eðlisfræði og náttúrufræði.

Verðlaunin voru afhent við hátíðlega athöfn í Þjóðmenningarhúsinu þar sem einnig var afhent *Náttúruverndarviðurkenning Sigríðar í Brattholti* og *Kuðungurinn*, umhverfisviðurkenning umhverfisráðuneytisins.

Fyrirlestrar og kynningar

Náttúruskóla Reykjavíkur kynnti starfsemi sína, útikennslu og umhverfismennt víða á árinu 2010. Helst má nefna eftirfarandi:

- Erindi um umhverfis- og náttúrulæsi á fræðslufundi Leikskólasviðs 4. mars. Yfirskrift fundarins var *Læsi og fjölbreyttar birtingarmyndir þess*.
- Erindi á Menntavísindasviði HÍ um aðferðafræði útikennslu í október.
- Kynning á starfsemi Náttúruskólans og útikennslusvæðum borgarinnar á fagrynifundi Skipulags- og byggingasviðs í nóvember.
- Fyrirlestur um menntun til sjálfbærni á fundi í *Brú* á Menntasviði í nóvember.
- Fræðslaog þátttakenda á ASSIST-námskeiði leikskólasviðs í nóvember líkt og 2009 (sjá Ársskýrsla 2009, bls. 17).
- Grein um útistærðfræði í ágústímariti *Flatarmáls* sem gefið er út af samtökum stærðfræðikennara.
- Greinin *Útikennsla – lykill að menntun til sjálfbærni* birt í *Skólavörðunni* í október.



Lokaorð

Starfsemi Náttúruskóla Reykjavíkur er í allföstum skorðum. Námskeið á hans vegum eru haldin allan ársins hring og fjöldi þeirra sem leita liðsinnis skólans er mikill. Margskonar verkefni í leik- og grunnskólum koma til kasta Náttúruskólans og leiðsögn hans er tekið opnum örmum.

Fyrir tveimur árum var stefnan sett á að styrkja umhverfismennt og auka veg hennar og vanda. Með tilkomu nýrrar menntastefnu, þar sem menntun til sjálfbærni er einn fimm grunnþátta, hefur athyglin beinst í auknum mæli að þessum þætti og er það vel. Í starfi Náttúruskólans sér þess einnig merki. Mest er aukningin í framboði umhverfismenntanámskeiða og eftirspurnin fer vaxandi. Skólar leita einnig í auknum mæli til Náttúruskólans eftir ráðgjöf við innleiðingu menntunar til sjálfbærni.

En betur má ef duga skal. Ef íslenskir grunn- og leikskólar eiga að geta sinnt menntun til sjálfbærni svo sómi sé að þarf að fylgja nýrri menntastefnu vel eftir og styðja skólana í glímunni við viðfangsefnið. Í því er Reykjavík í fararbroddi. Engin önnur

sveitarfélög á Íslandi geta státað af Náttúruskóla og sú reynsla og þekking sem skólinn býr yfir er mjög dýrmæt í þessu tilliti. Skólar borgarinnar geta leitað í þann brunn m.a. eftir aðstoð í útikennslu og umhverfismennt sem er lykillinn að farsælum árangri við innleiðingu menntunar til sjálfbærni.

Af ýmsum merkjum má þó dæma að hægt hafi á vexti starfsemi Náttúruskólans eftir gríðarlegan vöxt á síðustu tveimur árum. Á slíkum tímamarki er þörf á að líta í eigin barm og endurskoða innviði skólans, taka til endurmats birtingarmynd skólans út á við (s.s. heimasíðu, kynningarmál) og huga að því að skólinn standi undir þeim kröfum sem gerðar eru til hans og þeirrar stefnu sem hann hefur markað sér.

Margir komu að starfi Náttúruskólans á sl. ári og lögðu honum lið með ýmsum hætti. Sérstakar þakkir fá þeir fjölmörgu sem sinntu fræðslu á námskeiðum. Einnig þeir sem studdu við bakið á starfi Náttúruskólans, s.s. umhverfisnefnd skólans, samstarfsaðilar í margvíslegum verkefnum og þeir sem ruddu honum braut með öðrum hætti.



www.natturuskoli.is



LANDVERND

Reykjavík
Janúar 2011